

# *Reglur um viðskipti starfsmanna við Kviku eignastýringu hf.*

*Samþykkt í janúar 2023  
Ábyrgðaraðili: Regluvörður*

## **1. Lagastoð og gildissvið**

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 29. gr. a. og 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) nr. 247/2017 og viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/LG/2021/05).
- 1.2. Reglur þessar gilda um viðskipti starfsmanna við Kviku eignastýringu hf. (hér eftir „**KE**“ eða „**félagið**“). Með viðskiptum er m.a. átt við beiðni um verðbréfavíðskipti, gerð samnings um eignastýringu eða hverskonar aðra þjónustu sem félagið kann að bjóða uppá. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

## **2. Viðskiptakjör starfsmanna við félagið**

- 2.1. Viðskipti starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og gilda um viðskipti annarra viðskiptamanna félagsins í sambærilegum viðskiptum.
- 2.2. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita starfsmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg og bestu kjör viðskiptamanna félagsins. Skulu starfsmannakjör almennt vera sambærileg fyrir alla starfsmenn félagsins.

## **3. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga**

- 3.1. Hvers konar viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga krefjast sérstakrar aðgætni gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma gagnvart viðskiptamönnum eða félaginu. Um viðskipti starfsmanna með fjármálgerninga gilda reglur félagsins um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

## **4. Viðskipti framkvæmdastjóra við félagið**

- 4.1. Allir samningar félagsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra, eru háðir samþykki stjórnar félagsins. Það sama gildir um framangreind viðskipti maka, barna og foreldra framkvæmdarstjóra og fyrirtækja sem framkvæmdarstjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdarstjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdarstjóra eða getur af þeim sökum haft verulega áhrif.
- 4.2. Bóka skal ákvörðun um slíkt í gerðarbók stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir um alla sem eru í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra.
- 4.3. Framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila og aðilar í nánnum tengslum við þá skulu ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptamönnum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 2.2.

- 4.4. Samtala heildarfyrirgreiðslna til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.
- 4.5. Fyrirgreiðsla til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá skal eingöngu veitt gegn traustum tryggingum í samræmi við reglur FME nr. 247/2017 eða útlánareglur félagsins ef þær gera ríkari kröfur.
- 4.6. Með nánnum fjölskyldumeðlimum er átt við maka framkvæmdastjóra/lykilstarfsmanns eða sambúðarmaka, börn þessara aðila, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir þessum aðilum eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun þeirra.
- 4.7. Um það hverjir teljast vera í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra/lykilstarfsmann vísast til skilgreiningar nánnum tengslum í reglum FME nr. 247/2017
- 4.8. Um það hver telst lykilstarfsmaður í skilningi reglnanna fer samkvæmt reglum félagsins um hæfi lykilstarfsmanna

## **5. *Almennt um viðskipti starfsmanna***

- 5.1. Starfsmanni KE er óheimilt að framkvæma eða koma að hvers konar afgreiðslu fyrir eigin hönd, fyrir hönd náninna fjölskyldumeðlima eða aðila í nánnum tengslum við sig.

## **6. *Breytingar og gildistaka***

- 6.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.
- 6.2. Reglur þessar skal birta á vef KE, [www.kvikaeignastyring.is](http://www.kvikaeignastyring.is)

Samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 25. janúar 2023